

18. september 1984, með 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1984, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 12. október 1984, með 28% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1984, með 29% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1985, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, en með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og kr. 200.000,00 í málskostnað. Þar af greiðist $\frac{3}{4}$ hlutar úr ríkissjóði og $\frac{1}{4}$ hluti úr sýslusjóði Mýrasýslu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. maí 1987.

Nr. 200/1985. **Sýslusjóður Mýrasýslu og**
 (Guðmundur Pétursson hrl.)
fjármálaráðherra og landbúnaðar-
ráðherra f.h. ríkissjóðs
 (Gunnlaugur Claessen hrl.)
 gegn
dánarbúi Benjamíns Ólafssonar
Guðmundi Bjarnasyni og
Sveini Bjarnasyni
 (Hjörtur Torfason hrl.)
 og
dánarbú Benjamíns Ólafssonar
Guðmundur Bjarnason og
Sveinn Bjarnason
 gegn
sýslusjóði Mýrasýslu
fjármálaráðherra og landbúnaðar-
ráðherra f.h. ríkissjóðs
sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu og
 (Eiríkur Tómasson hrl.)

Veidifélagi Borgarfjarðar

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Lax- og silungsveiði. Bætur. Matsgerð. Gerðardómur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu útgefinni 27. ágúst 1985. Hann gerir þær dómkröfur að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda dánarbús Benjamíns Ólafssonar, Guðmundar Bjarnasonar og Sveins Bjarnasonar og honum tildæmdur málskostnaður úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst þessi aðaláfrýjandi þess að kröfur gagnáfrýjenda verði verulega lækkaðar og honum dæmdur málskostnaður.

Aðaláfrýjandi fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu útgefinnni 24. febrúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s.m. Hann gerir þær kröfur aðallega að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann hæfilegs málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann gerir þessar varakröfur:

1. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum kr. 8.013,40.
2. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum kr. 12.020,10.
3. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum kr. 28.912,15.
4. varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum kr. 43.368,22.

Í öllum varakröfum er þess krafist að upphafstími vaxta miðist ekki við fyrra tímamark en 1. febrúar 1981. Þess er ennfremur krafist að vextir fram til þingfestingardags í héraði verði ekki dæmdir hærri en almennir sparisjóðsvextir voru á þeim tíma. Í öllum varakröfum er þess loks krafist að málskostnaður verði felldur niður.

Gagnáfrýjendur dánarbú Benjamíns Ólafssonar, Guðmundur Bjarnason og Sveinn Bjarnason hafa gagnáfrýjað með stefnu útgefni 21. mars 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s.m. Þeir gera í aðalsök þær kröfur að kröfum aðaláfrýjenda verði hafnað og þeim gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti in solidum. Í gagnsök gera þeir svofelldar kröfur:

Að stefndu, ríkissjóði Íslands, sýslusjóði Mýrasýslu, sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu og/eða Veidifélagi Borgarfjarðar, verði gert að greiða gagnáfrýjendum skaðabætur að fjárhæð kr. 200.000,00 eða, til vara, aðra lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar, ásamt hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir lögum samkvæmt á hverjum tíma, frá 1. janúar 1978 til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu í héraði og fyrir Hæstarétti. Kröfunum er beint valkvætt að hinum stefndu og þess krafist, að hver einstakur þeirra verði dæmdur til að greiða þær sem hér segir:

1. Ríkissjóður að $\frac{3}{4}$ hlutum og sýslusjóður Mýrasýslu að $\frac{1}{4}$ hluta, aðallega in solidum gagnvart gagnáfrýjendum en til vara hvor í sínu lagi.

2. Ríkissjóður að $\frac{3}{4}$ hlutum og sýslusjóðir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að $\frac{1}{4}$ hluta, aðallega in solidum, en til vara hvor í sínu lagi, þannig að ríkissjóður sé annars vegar en sýslusjóðirnir sameiginlega (in solidum) hins vegar. Til frekari vara greiði allir þessir aðilar pro rata, þannig að hluta sýslusjóðanna verði skipt milli þeirra að jöfnu eða í öðrum hlutföllum, sem við teljast eiga.

3. Ríkissjóður að $\frac{1}{2}$ og sýslusjóður Mýrasýslu að $\frac{1}{2}$, aðallega in solidum, en til vara hvor í sínu lagi.

4. Ríkissjóður að $\frac{1}{2}$ og sýslusjóðir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að $\frac{1}{2}$, aðallega in solidum en til vara hvor í sínu lagi þannig að ríkissjóður sé annars vegar en sýslusjóðirnir in solidum hins vegar. Til frekari vara greiði allir þessir aðilar pro rata eins og um getur í 2. lið.

5. Veidifélag Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda í fiskihverfi Hvítár í Borgarfirði.

6. Ríkissjóður Íslands, að því leyti sem hið umstefnda tjón telst

ekki að fullu bætt með greiðslum samkvæmt undanfarandi liðum, einhverjum einum eða fleirum.

Átt er við að greiðsluskyldan verði aðallega felld eins og um ræðir í 1. lið, en til vara eins og mælt er í 2. lið og til frekari vara eins og mælt er í síðari liðunum hverjum fyrir sig. Gagnvart þeim stefndu, sem þannig yrðu sýknaðir af greiðslu skaðabóta og vaxta, er þess krafist að málskostnaður milli þeirra og gagnáfrýjenda verði felldur niður.

Varakrafa gagnáfrýjenda um fjárhæð skaðabóta er nánar tiltekið þess efnis, að bótafjárhæð verði ekki lægri en kr. 57.824,30, en til þrautavara ekki lægri en kr. 16.026,80.

Um upphafstíma vaxta er það varakrafa gagnáfrýjenda, að vextir verði reiknaðir frá 1. janúar 1980, en til þrautavara frá 1. febrúar 1981. Með kröfunni um hæstu lögleyfðu innlánsvexti er átt við, að tildæmd bótafjárhæð verði greidd með ársvöxtum sem hér segir:

30% frá 1. janúar 1978 til 20. febrúar 1978, 33% frá þeim degi til 1. júní 1979, 34,5% frá þeim degi til 1. september 1979, 39,5% frá þeim degi til 1. desember 1979, 43,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% frá þeim degi til 21. september 1983, 39% frá þeim degi til 21. október 1983, 36% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 24% frá þeim degi til 20. ágúst 1984, 24,5% frá þeim degi til 27. ágúst 1984, 25% frá þeim degi til 18. september 1984, 25,5% frá þeim degi til 11. október 1984, 26% frá þeim degi til 12. október 1984, 28% frá þeim degi til 21. nóvember 1984, 29% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 36% frá þeim degi til 21. janúar 1985, 37% frá þeim degi til 11. maí 1985, 35% frá þeim degi til 21. júlí 1985, 36% frá þeim degi til 1. janúar 1986, 39% frá þeim degi til 1. mars 1986, 14,5% frá þeim degi til 11. ágúst 1986, 15,2% frá þeim degi til 1. nóvember 1986, 15,4% frá þeim degi til 11. nóvember 1986, 15,7% frá þeim degi til 21. nóvember 1986, 16,1% frá þeim degi til 11. desember 1986, 16,8% frá þeim degi til 1. janúar 1987, 17,5% frá þeim degi til 11. janúar 1987, 17,9% frá þeim degi til 1. febrúar 1987, 18,8% frá þeim degi til 11. febrúar 1987, 19,4% frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 19,8%

frá þeim degi til 1. mars 1987, 19,9% frá þeim degi til 11. mars 1987, 20,8% frá þeim degi til 21. mars 1987, 21,8% frá þeim degi til dómsuppsögudags, og með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Ef fjárhæð skaðabóta verður ákveðin með tilliti til verðlagsbreytinga fram að dómsuppsögutíma í héraði er þess krafist, að hún verði greidd með 3% ársvöxtum fram til 13. júní 1985, en frá þeim degi eins og áður greinir.

Þess er krafist að vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti og síðan reiknaðir af honum svo breyttum, í fyrsta skipti hinn 1. janúar 1982.

Loks gera gagnáfrýjendur þá sérstöku varakröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og gagnáfrýjendum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda ríkissjóðs og stefndu sýslusjóðs Mýrasýslu, en málskostnaður í Hæstarétti milli þeirra og stefndu sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu og Veðifélags Borgarfjarðar verði felldur niður.

Stefndi sýslusjóður Borgarfjarðarsýslu krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjenda í málinu, en til vara að kröfur gagnáfrýjenda verði verulega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Veðifélag Borgarfjarðar krefst þess að héraðsdómur verði staðfestur, en til vara að kröfur gagnáfrýjenda verði verulega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann þess að málskostnaður verði felldur niður.

Gagnáfrýjandinn Benjamín Ólafsson lést 3. apríl 1987 og hefur dánarbú hans tekið við málinu.

I.

Þær skorður, sem reistar eru í 35. gr. laga nr. 76/1970 við lax- og silungsveiði með föstum veiðivélum og takmarka möguleika gagnáfrýjenda til veiði fyrir landi sínu, eru öldungis hinar sömu og lögleiddar höfðu verið með 35. gr. laga nr. 53/1957. Einungis var hið sérstæða bótaákvæði í 35. gr. hinna eldri laga fellt niður með 15. gr. laga nr. 38/1970. Síðast greind lög voru samkvæmt heimild í 64. gr. þeirra felld inn í lög nr. 53/1957 og þau endurútgefin sem lög nr. 76/1970.

Þegar lög nr. 38/1970 tóku gildi höfðu gagnáfrýjendum verið ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi þeirra, þann er leiddi af lögtöku 35. greinar laga nr. 53/1957. Voru þær bætur ákveðnar eftir fyrimælum nefnds ákvæðis en með nokkrum afbrigðum. Þannig voru bæturnar samkvæmt sérstöku samkomulagi við aðaláfrýjendur ákvarðaðar af yfirmatsmönnum samkvæmt 3. tl. 107. gr. laga nr. 53/1957 sem gerðardómsmönnum. Í gerð sinni viku þeir og frá ákvæðum 35. gr. um ákvörðun skaðabótanna. Var það gert til að samrýma bótaákvæði þetta þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar 67. grein stjórnarskrár svo og meginreglum laga að því er í úrskurði þeirra segir. Er þetta allt gjörla rakið í hinum áfrýjaða dómi, sem og það að úrskurði þessum hlítu bæði aðaláfrýjendur og gagnáfrýjendur meðan lög nr. 53/1957 héldust óbreytt í gildi.

II.

Í lögum nr. 38/1970 sbr. lög nr. 76/1970 var ekkert ákvæði sem ótvírætt og afdráttarlaust mælti fyrir um að þeir menn sem fengið höfðu sér ákvarðaðar skaðabætur fyrir veiðimissi vegna ákvæða 35. gr. laga nr. 53/1957 en ekki fengið þær greiddar við gildistöku hinna nýju laga ættu að missa tilkall sitt til þeirra bóta en þess í stað hlíta því að ógreiddar bætur yrðu ákveðnar að nýju eftir ákvæðum 95. gr. laga nr. 76/1970. Verður ekki litið svo á að breyting sú er gerð var á lögum nr. 53/1957 með lögum nr. 38/1970 standi því í vegi ein sér að gagnáfrýjendur megi krefja aðaláfrýjendur um skaðabætur fyrir veiðimissi árið 1970-1976 á grundvelli þess úrskurðar sem gerðardómsmenn kváðu upp hinn 29. september 1959 svo sem þeir gera í máli þessu.

III.

Af hálfu aðaláfrýjanda sýslusjóðs Mýrasýslu er sýknukrafan rökstudd með því einum þræði að andstætt sé ákvæðum stjórnarskrár að almenn lög mæli fyrir um það að skaðabætur vegna lögmæltra eignaskerðinga — í því tilviki sem hér er um fjallað vegna takmarkana á lax- og silungsveiði — skuli greiddar úr sýslusjóði ef eignaskerðingin sé ekki í þágu sýslufélagsins. Skírskotar þessi aðaláfrýjandi sérstaklega til 2., 67. og 76. greinar stjórnarskrár þessu til stuðnings.

Í þessu sambandi þarf ekki sérstaklega um það að fjalla hvort veiðitakmarkanir þær sem lögmæltar eru í 35. gr. laga nr. 53/1957 hafi verið þess eðlis að þær hafi einungis mátt gera gegn greiðslu bóta. Ætla má að þessar takmarkanir hafi verið reistar á því viðhorfi að þó að þær yrðu nokkrum veiðiréttareigendum til tjóns mundu þær stuðla að aukinni veiði hjá til muna fleiri veiðieigendum sem veiðirétt ættu ofar á vatnasvæði og væri þetta sýslufélagi óbeint til hagsbóta. En hvað sem því líður skjóta hin tilvitnuðu ákvæði stjórnarskrárinnar ekki loku fyrir, eins og hér stóð á, að almenni löggjafinn mælti fyrir um hlutdeild sýslusjóða í þeim skaðabótageiðslum sem um var að tefla. Þá er og á það að líta að sýslufirvöld Mýrasýslu féllust í verki á greiðsluskyldu sína með því fyrst að semja um að gerðardómur ákvæði skaðabótafjárhæð samkvæmt margnefndri 35. grein og síðan greiða gagnáfrýjendum bætur samkvæmt úrskurði hans allt til ársins 1969.

Samkvæmt þessu verður sýslusjóður Mýrasýslu ekki sýknaður af kröfum gagnáfrýjenda af þeirri ástæðu sem hér er um fjallað.

IV.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður ekki talið að stjórnvöld hafi farið út fyrir valdmörk sín er þau sömdu af hálfu ríkis og sýslusjóðs Mýrasýslu um að skaðabætur samkvæmt 35. gr. laga nr. 53/1957 yrðu ákveðnar af gerðardómi eða er þau hlittu síðar í verki úrskurði hans um skaðabætur sem ákvarðaðar voru eftir nokkuð öðrum sjónarmiðum en kveðið var á um í lagaákvæði þessu.

V.

Með gerðardómsúrskurðinum 29. september 1959, sem aðaláfrýjendur eru bundnir af gagnvart gagnáfrýjendum, voru bætur til gagnáfrýjenda ákveðnar sem tiltekið árgjald sem aðiljum var þó heimilað að bera undir matsmenn samkvæmt lögum nr. 53/1957 til breytingar ef aðstæður breyttust eftir því sem nánar sagði í úrskurðinum.

Það leiddi af gerðardómsúrskurðinum að þegar lög nr. 76/1970 höfðu leyst lög nr. 53/1957 af hólmi bar ákvörðun um breytingu á árgjaldinu eftirleiðis undir matsmenn samkvæmt hinum nýju lögum. Ekki hefur verið sýnt fram á að meiri hluti yfirmatsmanna hafi í matsgerð sinni 10. apríl 1981 beitt röngum sjónarmiðum við mat sitt. Verður það því lagt til grundvallar að því er til bótafjár

hæðar tekur, enda má á það fallast sem í héraðsdómi segir að ætla megi að matsmenn hefðu reiknað bótafjárhæð eftir sömu grundvallarsjónarmiðum og þeir gerðu, þó að þeir hefðu ákveðið bæturnar úr hendi aðaláfrýjenda.

VI.

Aðalkrafa gagnáfrýjenda, um að aðaláfrýjendum verði gert að greiða þeim 200.000,00 krónur, þykir eigi hafa nægan lagagrundvöll. Verður henni því ekki sinnt.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður aðaláfrýjendum gert að greiða gagnáfrýjendum 16.026,80 krónur ásamt vöxtum í samræmi við yfirmat svo sem síðar segir. Eftir ákvæðum gerðardómsúrskurðarins 29. september 1959, sem studdist við ákvæði 35. greinar laga nr. 53/1957, ber aðaláfrýjanda ríkissjóði að greiða $\frac{3}{4}$ hluta þeirrar fjárhæðar, 12.020,10 krónur, en aðaláfrýjanda sýslusjóði Mýrasýslu $\frac{1}{4}$ hluta, 4.006,70 krónur.

Krafa um vaxtavexti var ekki gerð í héraði. Þegar af þeirri ástæðu kemur hún ekki til álita hér fyrir dómi.

VII.

Það leiðir af kröfugerð gagnáfrýjenda að þar sem þeim eru dæmdar fébætur úr hendi aðaláfrýjenda verða þeim ekki dæmdar bætur úr hendi stefndu, sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu og Veidifélags Borgarfjarðar. Verða þeir því sýknaðir af kröfum þeirra. Svo sem málið hefur verið lagt fyrir dómstóla þarf hins vegar engan gaum að gefa að því hvort aðaláfrýjendur, annar eða báðir, kunni að eiga framkröfur á hendur stefndu.

Rétt er að málskostnaður falli niður að því er varðar stefndu sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu og Veidifélag Borgarfjarðar. Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu greiði gagnáfrýjendum 25.000,00 krónur samtals í málskostnað í báðum dómum, en aðaláfrýjandi ríkissjóður 75.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að því er varðar Veidifélag Borgarfjarðar og sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður að því er þessa aðila varðar.

Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu greiði gagnáfrýjendum, dánarbúi Benjamíns Ólafssonar, Guðmundi Bjarnasyni og

Sveini Bjarnasyni, 4.006,70 krónur, og aðaláfrýjandi fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs 12.020,10 krónur hvort tveggja með ársvöxtum sem hér segir: 46% frá 1. febrúar 1981 til 1. mars s.á., 42% frá þeim degi til 1. júní s.á., 39% frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% frá þeim degi til 21. september 1983, 39% frá þeim degi til 21. október s.á., 36% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 24% frá þeim degi til 20. s.m., 24,5% frá þeim degi til 27. s.m., 25% frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% frá þeim degi til 11. október 1984, 26% frá þeim degi til 12. s.m., 28% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 29% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 36% frá þeim degi til 21. s.m., 37% frá þeim degi til 11. maí s.á., 35% frá þeim degi til 21. júlí s.á., 36% frá þeim degi til 1. janúar 1986, 39% frá þeim degi til 1. mars s.á., 14,5% frá þeim degi til 11. ágúst s.á., 15,2% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 15,4% frá þeim degi til 11. s.m., 15,7% frá þeim degi til 21. s.m., 16,1% frá þeim degi til 11. desember s.á., 16,8% frá þeim degi til 1. janúar 1987, 17,5% frá þeim degi til 11. s.m., 17,9% frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 18,8% frá þeim degi til 11. s.m., 19,4% frá þeim degi til 21. s.m., 19,8% frá þeim degi til 1. mars s.á., 19,9% frá þeim degi til 11. s.m., 20,8% frá þeim degi til 21. s.m. og 21,8% frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan til greiðsludags með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi sýslusjóður Mýrasýslu greiði gagnáfrýjendum samtals 25.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs greiði gagnáfrýjendum samtals 75.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

I.

Ég tel að eigendur Holts og Brennistaða hafi samkvæmt 35. gr. laga nr. 53/1957 eignast lögvarinn bótarétt fyrir missi veiðiaðstöðu og breyti lög nr. 76/1970 ekki þeim bótarétti. Þegar af þessari ástæðu tel ég að sýkna beri Veiðifélag Borgarfjarðar. Undanfari gerðardómsins frá 29. september 1959 var sá, að eigendur greindra jarða, ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu samþykktu, „að yfirmatsmenn starfi sem gerðardómur“. Af gögnum málsins verður ekki séð að sérstakur skriflegur gerðardómssamningur hafi verið gerður milli þessara málsaðilja. Verður því ekki með vissu sagt hvaða skuldbindingar aðiljar tóku á sig í einstökum atriðum. Ljóst er þó að þeir hafa hlitt þeim úrskurðum yfirmatsmanna sem gengu fyrir árin 1958-1969 að báðum meðtöldum.

II.

Í úrskurðinum 29. september 1959 brugðu yfirmatsmenn á það ráð, með gildum rökum sem fram koma í héraðsdómi, að meta árlegt gjald í stað skaðabóta í eitt skipti fyrir öll, er greiðast skyldu á 25 árum. Ég tel að skýra beri úrskurðinn á þann veg, að gjaldið skyldi greiðast í 25 ár, en réttur til þess fylgi ekki jörðunum um aldur og ævi.

III.

Með matsgerð tveggja dómkvaddra manna 31. maí 1980 voru eigendum Holts og Brennistaða metnar bætur fyrir árin 1970-1977 að fjárhæð nýkr. 57.824,34. Aflatjón á þessum árum töldu þeir vera 2.257 kg af laxi, sem þeir mátu á nýkr. 25,62 hvert kíló. Er þar miðað við verð á innlögðum laxi hjá Kaupfélagi Borgfirðinga sumarið 1979. Matsgerð þessari var skotið til yfirmatsmanna, sem voru ekki einhuga í málinu. Taldi minni hlutinn að staðfesta bæri bótafjárhæðina. Meiri hlutinn mat bæturnar á nýkr. 16.026,80. Ekki koma fram í matsgerð meiri hlutans athugasemdir við mat hinna dómkvöddu manna á aflatjóninu. Verður því ekki annað séð en allir matsmenn hafi verið sammála um þetta grundvallaratriði matsins. Hins vegar telur meiri hlutinn að ekki beri við útreikning tjónsins að miða við verð á laxi sumarið 1979, heldur annað og lægra verð matsáranna, en reikna þó verðbætur að nokkru. Um

þetta vísar hann til úrskurðar í matsmáli eiganda Bóndhóls, Jóns Guðmundssonar, gegn sömu aðiljum, en þar segir: „Við ákvörðun skaðabóta koma eftirtalin sjónarmið til greina: Kröfuhafi getur ekki með því að draga árum saman að fylgja eftir kröfum sínum á hendur réttum skuldunaut verðtryggt þær á kostnað skuldunautsins. En í þessu sambandi er þess að geta, að Jón bóndi Guðmundsson beindi ekki kröfum sínum, svo séð verði, gegn Veðifélagi Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda fyrr en síðla árs 1978. Ótal dæmi eru þess í lögum, að menn skerða rétt sinn með athafnaleysi. Hér er um að tefla eitt slíkt tilvik. Hins vegar er í máli þessu rétt að taka nokkurt tillit til verðlags, þar sem um skaðabótamál er að tefla og kröfuhafi og skuldunautar, sem höfðu lengi vel einn og sama málflytjanda, áttu í framkvæmd samleið um að draga málið í viðleitni sinni að velta skaðabótaskyldunni andstætt lögum yfir á ríkissjóð og sýslusjóð Mýrasýslu.“ Ljóst er af framangreindu að matsfjárhæðin er að nokkru ákveðin með hliðsjón af því að bótaskyldan er lögð á Veðifélag Borgarfjarðar. Verður hún því ekki lögð til grundvallar bótaskyldu annarra. Er þá úr því að skera hvort afla þurfi nýrrar matsgerðar. Áður var að því vikið, að matsmenn greinir ekki á um aflatjónið. Þeir sýnast einnig vera sammála um að miða útreikning á verðmati þess við verð á innlögðum laxi hjá Kaupfélagi Borgfirðinga, en greinir á um hvernig verðbæta beri aflatjón hvers árs. Með því að ágreiningur þeirra er um þetta eina atriði þykir ekki þörf frekari matsgerða. Telst þá rétt til að tjónþolar fái tjón sitt að fullu bætt að dæma þeim 57.824,30 krónur með hliðsjón af mati minni hluta yfirmatsmanna og undirmati.

IV.

Í sveitarstjórnarlögum nr. 12/1927 og síðar lögum nr. 58/1961 er kveðið á um hvert skuli vera verksvið sýslufélaga. Verkefnum þeirra er það sameiginlegt að vera í þágu almanna hagsmuna í viðkomandi héruðum og hinar lögmæltu tekjuöflunarheimildir þeirra eru í samræmi við það. Með 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957 var lögð á sýslusjóðina sú skylda að greiða $\frac{1}{4}$ hluta bóta til einstakra manna vegna rýrnunar á veiðiaðstöðu við laxveiðar. Við flutning málsins kom fram að í reynd hefði ákvæðið snert nær engar sýslnanna, ef ekki Mýrasýslu eina. Með hliðsjón af hinu lögbundna verksviði sýslufélaga eins og það er markað almennt í sveitarstjórnarlögum, þykja eigi efnisrök til

þess að leggja bótaábyrgðina á sýslufélögin. Er þá sérstaklega til þess litið að engum slíkum hagsmunatengslum er til að dreifa er geri það réttmætt. Teljast þær því eiga að njóta hér verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessu máli þykir það engu breyta þótt sýslusjóðunum kunni að vera heimilt að jafna bótunum niður á hreppana samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Svo sem getið var í upphafi hlítti sýslusjóður Mýrasýslu úrskurði yfirmatsmanna fyrir árin 1958-1969. Er þá úr því að slíta hvort hann hafi með því skuldbundið sig til að greiða bæturnar allt 25 ára tímabilið og firrt sig þar með rétti til að fá bótaskyldu sína endurskoðaða. Í því sambandi er sérstaklega á það að líta að ekki liggur fyrir í málinu formlegur gerðardómssamningur er leiði skýrt í ljós þær skuldbindingar er sýslusjóðurinn tók á sig í raun og eins var honum það vorkunnarmál, þótt hann véfengdi ekki þegar í upphafi stjórnskipulegt gildi 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957 enda þá með sama lögmann og ríkissjóður. Með vísan til þessa tel ég að hann hafi ekki vangeymt svo réttar sins að það varði hann réttarspjöllum í þessu máli. Ber því að sýkna sýslusjóðina og leggja bótaábyrgðina á ríkissjóð að öllu leyti vegna fyrrgreinds annmarka á 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957.

V.

Samkvæmt framanrituðu og með tilvísun til forsendna hins áfrýj-
aða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að bætur til eig-
enda Holts og Brennistaða skal greiða úr ríkissjóði að öllu leyti. Ég
er sammála atkvæði meiri hluta dómara um upphafstíma vaxta,
vaxtafót, vaxtavexti og málskostnað að öðru leyti en því, að ég tel að
fella eigi niður málskostnað milli eigenda Holts og Brennistaða og
sýslusjóðs Mýrasýslu, en leggja hann þess í stað alveg á ríkissjóð.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 13. júní 1985.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. f.m., er höfðað fyrir aukadómþingi
Mýra- og Borgarfjarðarsýslu með stefnu birtri 17. desember 1981 af
Benjamín Ólafssyni bónda, Holti, Borgarhreppi, Mýrasýslu, Guðmundi
Bjarnasyni bónda, Brennistöðum, Borgarhreppi, Mýrasýslu og Sveini
Bjarnasyni bónda sama stað, gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sýslu-
manni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f.h. sýslusjóðs Mýrasýslu og Veidifélagi
Borgarfjarðar, Ferjukoti, Borgarhreppi, Mýrasýslu, f.h. veiðiréttareigenda
í fiskihverfi því, sem Holt og Brennistaðir heyra til, „til greiðslu á skaða-
bótum að fjárhæð kr. 120.000,00 ásamt hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum við

innlánsstofnanir, eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, frá 1. janúar 1978 til greiðsludags, svo og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati réttarins“.

Með stefnu birtri 24. nóvember 1982 breyttu stefnendur kröfum sínum m.a. til hækkunar og beindu kröfum sínum nú einnig gegn sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f.h. sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu.

Í framhalds- og sakaukastefnunni er tekið fram, að stefnendur þurfi „á grundvelli heimilda í 2. mgr. 70. gr. og 48. gr. laga nr. 85/1936, að auka og skýra stefnukröfur í aukadómþingsmálinu nr. 47/1981 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Benjamín Ólafsson, Guðmundur Bjarnason og Sveinn Bjarnason gegn ríkissjóði Íslands, sýslusjóði Mýrasýslu og Veidifélagi Borgarfjarðar, og jafnframt að stefna inn í málið nýjum aðila, sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu, til að svara þar til sakar ásamt þeim aðilum er fyrr var stefnt við hlið sýslusjóðs Mýrasýslu.

Mál þetta er höfðað til greiðslu skaðabóta vegna skerðingar eða rýrnunar á veiðiaðstöðu í Hvítá í Borgarfirði fyrir landi Holts og Brennistaða, á árunum 1970 til og með 1977. Eru dómkröfur stefnanda nú þær, að þessar skaðabætur verði ákveðnar kr. 200.000,00 eða önnur fjárhæð lægri, ásamt vöxtum sem svarar hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, frá 1. janúar 1978 til greiðsludags, svo og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati réttarins, og að málsaðilar verði dæmdir til að greiða bæturnar (ásamt vöxtum og kostnaði) sem hér segir, talið eftir þeirri röð er stefnendur telja réttasta:

1. Ríkissjóður að $\frac{3}{4}$ hlutum og sýslusjóður Mýrasýslu að $\frac{1}{4}$ hluta, aðallega in solidum gagnvart stefnanda en til vara hvor í sínu lagi.
2. Ríkissjóður að $\frac{3}{4}$ hlutum og sýslusjóðir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að $\frac{1}{4}$ hluta, aðallega in solidum en til vara hvor í sínu lagi, þannig að ríkissjóður sé annarsvegar en sýslusjóðirnir sameiginlega (in solidum) hinsvegar. Til frekari vara greiði allir pro rata, þannig að hluta sýslusjóðanna tveggja verði skipt milli þeirra að jöfnu eða í öðrum hlutföllum, sem við teljast eiga.
3. Ríkissjóður að $\frac{1}{2}$ og sýslusjóður Mýrasýslu að $\frac{1}{2}$, aðallega in solidum en til vara hvor í sínu lagi.
4. Ríkissjóður að $\frac{1}{2}$ og sýslusjóðir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að $\frac{1}{2}$, aðallega in solidum en til vara hvor í sínu lagi, þannig að ríkissjóður sé annarsvegar og sýslusjóðirnir in solidum hinsvegar. Til frekari vara greiði allir pro rata eins og um getur í 1. lið.
5. Veidifélag Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda í fiskihverfi því, sem Holt og Brennistaðir heyra til, en það er fiskihverfi Hvítár í Borgarfirði.
6. Ríkissjóður Íslands, að því leyti sem hið umstefnda tjón telst ekki að

fullu bætt með greiðslum samkvæmt undanfarandi liðum, einhverjum einum eða fleirum saman.

Átt er við að greiðsluskyldan verði aðallega felld eins og um ræðir í 1. lið, en að því frágengnu eins og mælt er í 2. lið og þannig koll af kolli. Að öðru jöfnu er gert ráð fyrir því, að í hverjum lið felist tæmandi tilgreining greiðsluskyldu, en fari svo, að greiðsluskylda sé lögð á samkvæmt tilteknum lið og greiðslan takmörkuð við minna en fullt tjón (fulla bótakröfu) stefnenda, er til þess ætlast að afgangur tjónsins verði felldur á aðila samkvæmt þeim liðum, sem taldir eru til vara þar á eftir. Er þetta sérstaklega áréttað í 6. lið, þar sem átt er við, að greiðsluskylda samkvæmt honum geti komið til hvort heldur sjálfstætt, ef greiðslu samkvæmt undanfarandi liðum yrði synjað, eða samfara slíkri greiðslu ef hún yrði takmörkuð.

Að því er bótafjárhæð varðar er þess krafist að hún verði ekki dæmd lægri en kr. 57.824,34, en það er sú fjárhæð sem varð niðurstaða matsmanna við grunnmat á hinu umstefnda tjóni hinn 31. maí 1980, svo og minnihluta yfirmatsmanna við yfirmat á tjóninu hinn 10. apríl 1981, og í reynd varð hún einnig grundvallarniðurstaða meirihlutans.

Í ofangreindri kröfugerð stefnenda felst sú afstaða eða krafa gagnvart umgetnum matsgerðum um tjón þeirra, aðallega að í málinu beri að dæma sjálfstætt um skaðabætur þeim til handa með hliðsjón af matsgerðunum, og verði fjárhæð bótanna ákveðin þennig, en til vara að matsgerðirnar verði staðfestar með þeim hætti að ofangreind bótafjárhæð þeirra verði lögð til grundvallar dómi með hækkun að tiltölu við almennar verðlagsbreytingar frá matstíma (þ.e. grunnmats í maí 1980) til dómsuppsögudags. Um aðild að bótagreiðslu verði í báðum tilvikum dæmt samkvæmt kröfufliðum 1-6 hér að framan. Til frekari vara verði umrædd bótafjárhæð lögð til grundvallar beint án verðlagshækkana, og matsgerðirnar staðfestar þannig, en um aðild fari sem fyrr getur. Er þetta tekið fram til áréttingar því sem lýst er í 5. málsg. á bls. 3 í stefnu um grundvöll málsins.

Um leið er þess krafist til ýtrustu vara að stefnendum verði dæmdar skaðabætur með þeim höfuðstól og vöxtum, sem um ræðir í atkvæði meirihluta yfirmatsmanna hinn 10. apríl 1981, og frá þargreindum aðila. Hljóti stefnendur allavega að eiga rétt til að fá aðfararhæfan dóm fyrir því, sem teljist vera niðurstaðan af mati á grundvelli laxveiðilaga, og er þetta lægsta og óhallkvæmasta niðurstaðan frá sjónarmiði þeirra.

Röðunin í 1.-6. lið a.o. er í samræmi við staðhæfingar um greiðsluadild í stefnu málsins og greinargerð stefnanda. Þannig er 1. liður á því byggður að um bótaskyldu fari að öllu leyti eftir lögum nr. 53/1957 og meginsjónarmiðum þeirra og/eða eftir samningi um gerðardóm frá árinu 1959 á grundvelli þeirra laga, og taki skyldan til þeirra sem voru beinir aðilar að gerðar-

dómsmeðferð í öndverðu. Í 2. lið er byggt á hinu sama að því viðbættu að Borgarfjarðarsýsla geti þar einnig verið aðili. Í 3. lið er enn byggt á hinu sama að því breyttu að skipting bótaskyldu fari eftir 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970, og þá þannig að sýsluaðild sé bundin við Mýrasýslu. Í 4. lið er hinsvegar gert ráð fyrir aðild hennar og Borgarfjarðarsýslu saman á þeim grundvelli sem um ræðir í 3. lið. Í 5. lið er svo miðað við að bótaskylda fari eftir 3. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 eða meginsjónarmiðum hennar, en í 6. lið er gert ráð fyrir að ríkissjóður hljóti að vera skyldur að bæta stefnendum þá skerðingu sem á þá er lögð, ef eða að því leyti sem ekki er séð fyrir bótum með öðrum hætti lögum samkvæmt.

Hin tölulega hækkun á dómkröfum stefnenda, sem gerð er með framhalds- og sakaukastefnu þessari, er til komin vegna þess að verðbólga í landinu hefur orðið mun meiri en stefnendur gátu vænst við höfðun málsins. Er þeim brýn nauðsyn á þeirri leiðréttingu sem í þessu felst, þótt óvíst hljóti að vera á hinn bóginn hvort með henni sé nægilega séð fyrir allri verðbólguhækkun meðan málið stendur. Um breytingu á kröfunum að öðru leyti er ekki að ræða.

Hinum nýja aðila, Borgarfjarðarsýslu, er aukið í málið með tilliti til athugasemda sem fram hafa komið af hálfu sumra stefndu með beinum eða óbeinum hætti, en stefnendur töldu sér ekki fært að stefna þessum aðila í öndverðu eins og á stóð. Aðild hans hlýtur að teljast til hagræðis fyrir aðra stefndu fremur en hitt.

Stefnu þessari er beint til landbúnaðarráðherra ásamt fjármálaráðherra að því er ríkissjóð varðar þótt upphafleg stefna í málinu hafi ekki verið birt með þeim hætti, og felst ekki í því nein breyting á sakaraðild.“

Af hálfu ríkissjóðs er nú aðallega krafist sýknu en til vara að kröfur stefnenda verði lækkaðar og að stefnendur verði dæmdir til að greiða ríkissjóði málskostnað.

Stefndi sýslusjóður Mýrasýslu krefst nú aðallega sýknu en til vara að staðfest verði niðurstaða meirihluta yfirmatsmanna um bætur. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Stefndi Veidifélag Borgarfjarðar krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi stefnenda að skaðlausu.

Stefndi sýslusjóður Borgarfjarðarsýslu krefst nú aðallega sýknu en til vara að kröfur stefnenda verði lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda.

II.

Hinn reglulegi dómari, sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, vék sæti í málinu með úrskurði uppkveðnum 14. janúar 1982.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins dagsettu 11. febrúar 1982 var Guð-

mundur Jónsson borgardómari skipaður setudómari í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til að fara með og dæma mál þetta. Hann vék sæti í málinu með úrskurði 14. september 1982 eftir að hann var settur hæstaréttardómari.

Hinn 9. maí 1983 var Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari skipaður setudómari í málinu. Dæmir hann málið ásamt meðdómendunum Má Péturssyni héraðsdómara og Steingrími Gauti Kristjánssyni borgardómara sbr. 2. tl. 37. gr. A laga nr. 85/1936 og 9. gr. laga nr. 28/1981.

III.

Í greinargerðum lögmanna ríkissjóðs, sýslusjóðs Mýrasýslu og sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu komu fram kröfur um það að málinu yrði vísað frá dómi. Munnlegur málflutningur fór fram um frávisunarkröfur þessar hinn 4. mars 1983.

Hinn 11. mars 1983 var kveðinn upp úrskurður um frávisunarkröfurnar með svofelldri niðurstöðu:

„Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hinar framkomnu frávisunarkröfur eru ekki teknar til greina.

Ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins biður endanlegs dóms í málinu.“

IV.

„Tildrög málsins eru þau ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 803-807.]

... til hinna einstöku veiðieigenda.“

III. Holt, Lækjarkot og Brennistaðir.

Benjamín V. Ólafsson, Holti, hefur stundað veiði fyrir löndum þessara jarða og telur sig hafa notað fjórar lagnir. Vafi hefur verið talinn vera á því hvort meira en þrjár lagnir hafi komist fyrir á veiðisvæði jarða þessara fyrir gildistöku laga nr. 53/1957.

Nú er eigi hagkvæmt að hafa þar nema tvær lagnir. Bætur árið 1958 og 1959 ákveðast kr. 5500,00 hvort ár til eigenda þessara jarða. Af þeirri fjárhæð fellur í hlut Benjamíns V. Ólafssonar kr. 4600,00 á ári og í hlut Guðmundar og Sveins Bjarnasona kr. 900,00 á ári.“

Niðurstaða gerðardómsins varð sú að Benjamín V. Ólafssyni voru tildæmdar í bætur kr. 9.200,00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 4.600,00 frá 1. október 1958 og af 9.200,00 frá 1. október 1959 til greiðsludags. Guðmundi Bjarnasyni og Sveini Bjarnasyni voru tildæmdar bætur kr. 1800,00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 900,00 frá 1. október 1958 og af kr. 900,00 frá 1. október 1959 til greiðsludags. Hér var um að ræða gamlar krónur. Í gerðardóminum segir jafnframt:

„Ennfremur greiði ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu í nefndum hlutföllum aðiljum þeim, er greinir í 1-6 í dómsorði þessu kr. 40.000,00 í málflutningslaun fyrir gerðardóminum og svo þóknun til gerðardómsmanna.“

Ríkissjóði var gert að greiða sóknaraðilum $\frac{3}{4}$ hluta bótanna en sýslusjóður skyldi greiða $\frac{1}{4}$ hluta þeirra.

Í gerðardóminum er ekkert fjallað um það, hvort til álita hafi komð að dæma sýslusjód Borgarfjarðarsýslu til greiðslu á hluta bótanna.

Sýslusjóður Mýrasýslu og ríkissjóður greiddu ofangreindar bætur samkvæmt úrskurði gerðardómsins.

Hinn 25. maí 1973 kváðu yfirmatsmenn, sem þá störfuðu samkvæmt 3. tl. 94. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, upp úrskurð í málinu. Í úrskurðinum segir m.a. svo:

„GERÐARDÓMSMÁLIÐ

Benjamín Ólafsson, Holti,

Guðmundur Bjarnason og

Sveinn Bjarnason

gegn

ríkissjóði og sýslunefnd Mýrasýslu.

Um aðdraganda og sögu máls þessa er vísað til gerðardóma frá 29. september 1959 og 21. júlí 1965.

Með bréfi, dags. 12. september 1967, og síðan árlega hefur Benjamín Ólafsson, Holti, krafizt þess, að honum og eigendum Brennistaða og Lækjarkots, þeim Guðmundi Bjarnasyni og Sveini Bjarnasyni, verði úrskurðaðar bætur vegna skertrar veiðiaðstöðu fyrir landi þessara jarða fyrir árin 1965-1971 auk 7% ársvaxta og kostnaðar. Frá því á árinu 1970 hefur Haraldur Henrysson lögfræðingur flutt mál þetta fyrir Benjamín Ólafsson.

Af hálfu ríkissjóðs hefur Sveinbjörn Dagfinnsson hrl. krafizt sýknu af kröfum sækjenda.

Umboðsmaður sýslusjóðs Mýrasýslu, Guðmundur Pétursson hrl., krefst sýknu af kröfum sækjenda.

Samkvæmt gögnum þeim, er fyrir liggja og aðstæðum á vettvangi, eru bætur fyrir árin 1965 til 1969, að báðum meðtöldum, ásamt 7% inniföldum ársvöxtum frá 1. janúar 1967 til 1. janúar 1973 ákveðnar samtals kr. 230.000,00.

Ríkissjóður greiði að $\frac{3}{4}$ hlutum og sýslusjóður Mýrasýslu að $\frac{1}{4}$ hluta framangreinda fjárhæð auk 7% ársvaxta af henni frá 1. janúar 1973 til greiðsludags. Málflutningslaun til Haraldar Henryssonar lögfræðings ákveðast kr. 18.000,00.

.....

Um ákvörðun tjónbóta til sækjenda fyrir skerta veiðiaðstöðu fyrir árin 1970 og 1971 fer samkvæmt 94. gr. og 3. tölulið 95. gr. laga nr. 76/1970. Þar

sem undirmat hefir ekki farið fram á tjónbótum þessum og aðilar hafa ekki orðið ásáttir um að leggja málið beint til yfirmatsmanna, brestur yfirmatsmenn bæni til að meta tjónbætur þessar að svo stöddu.“

Því er haldið fram af stefnendum að ályktun yfirmatsmanna í síðustu málsgrein í úrskurðinum frá 25. maí 1973 hafi yfirmatsmenn gert einhliða og sé ályktunin gagnstæð sjónarmiðum þeirra. Þeir telja sig ekki hafa viðurkennt að hin nýju lög nr. 76/1970 ættu að breyta neinu gagnvart þeim í því efni sem hér um ræðir. Halda stefnendur því fram, að af hálfu eigenda jarðanna hafi þetta ekki síðar verið viðurkennt þannig að bindandi sé gagnvart öðrum málsaðilum, enda þótt þeir hafi kosið að láta á það reyna, hverju orka mætti með mati í venjulegu formi.

Áður en úrskurður gekk í gerðardómsmálinu höfðu veiðifélög í fiskihverfi Hvítar kynnt sjónarmið sín um það álitaefni hvort breyting væri orðin á stöðu ósabænda við Hvítá vegna laga nr. 76/1970, þannig að veiðifélögin væru nú orðin réttir greiðendur bóta til bændanna í stað ríkissjóðs og sýslusjóðs. Gerðu þau þetta með bréfi Jónasar Aðalsteinssonar hrl. hinn 13. febrúar 1973 (dskj. 16), þar sem þessu var eindregið mótmælt, m.a. með vísan til gerðardómssamnings og svo þess að hinar umdeildu veiðitakmarkanir væru ekki að frumkvæði félaganna.

Jafnframt stóð svo á um þessar mundir að gerðardómsmál var í vændum um bótakröfur Sigþórs Þórarinssonar, bónda í Einarsnesi, fyrir veiðitjón árána 1971-73, og var úrskurður um þær kveðinn upp hinn 18. júní 1974 (dskj. 12). Þar höfðu Sigþór og lögmaður ríkissjóðs báðir talið rétt, að yfirmatsmenn úrskurðuðu málið sem gerðardómendur, en lögmaður sýslusjóðs var því mótfallinn og vísaði í því sambandi til hinna nýju laga nr. 76/1970. Sjálfir töldu þeir rétt að ákveða Sigþóri bætur skv. 1. og 2. tölulið 95. gr. laga nr. 76/1970, en hins vegar leystu þeir ekki úr ofangreindu álitaefni, heldur afgreiddu það með þessum ummælum: „Undirritaðir ákveða bætur til sækjanda máls þessa, Sigþórs Þórarinssonar, með sama hætti, hvort sem þeir teljast gerðardómendur eða yfirmatsmenn samkvæmt 3. tölulið 94. gr. laga nr. 76/1970.“

Enn gerðist og það að bóndinn í Bóndhól, Jón Guðmundsson, lagði fram beiðni um bótaákvörðun vegna árána 1970-1973 hinn 19. nóvember 1974. Var þar tekið fram varðandi formhlið málsins, að það væri lagt fyrir yfirmatsmenn á sama grundvelli og áður (þ.e. til gerðardómsmeðferðar), og teldi Jón tjón sitt sambærilegt við tjón bóndans í Einarsnesi. Af hálfu ríkissjóðs og sýslusjóðs var ekki hreyft athugasemdum við því, að yfirmatsmenn ákvörðuðu tjónið, en hins vegar var mótmælt bótaskyldu aðilanna.

Úrskurður yfirmatsmanna í þessu Bóndhólmáli var kveðinn upp hinn 5. nóvember 1975 (dskj. 13), og segir þar meðal annars:

„Yfirmatsmenn fara með mál þetta ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 809-810.]

... veiðieigendum í fiskihverfi sínu.“

Niðurstaðan varð þannig sú, að engar bætur voru greiddar, þar sem Veiðifélag Borgarfjarðar var ekki aðili að málinu.

Að þessari afgreiðslu stóðu þó aðeins 2 yfirmatsmenn, en hinn þriðji skilaði séráliti (dskj. 14) og taldi að eiganda Bóndhóls bæru bætur skv. 1. tölul. 95. gr. laga nr. 76/1970, þ.e. úr hendi ríkissjóðs og sýslusjóðs fyrir árin sem um var að tefla. Byggði hann það sumpart á gerðardómsmeðferð þeirri sem um hafði verið samið, en einnig á því að bóndinn hlyti að teljast hafa misst veiði sína að mestu eða öllu í merkingu þessa lagaákvæðis.

Af hálfu stefnanda er á það bent að þessi staða mála, sem upp var komin við þessa úrskurði yfirmatsmanna, hafi hvorki verið ljós né álitleg. Eðlilegt hafi því þótt eins og á stóð að láta reyna á það, áður en leitað væri dómstólaúrræða, hvort eigendur gætu náð rétti sínum með mati samkvæmt laxveiðilögum í venjulegu formi og hafi þá verið haft í huga hið sama og yfirmatsmenn sögðu sjálfir í máli Sigþórs Þórarinssonar að þeir myndu ákveða bætur með sama hætti hvort sem þeir teldust gerðardómendur eða yfirmatsmenn. Hafi því verið óskað dómkvaðningar matsmanna með bréfi til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu á árinu 1976 vegna árána 1970-1975. Hafi þar komið fram, að beðið væri um dómkvadda matsmenn samkvæmt XV. kafla laga nr. 76/1970 til að meta það tjón sem þeir álitu sig hafa orðið fyrir vegna breytinganna á lax- og silungsveiðilögum frá 1957. Dómkvaðning fór fram 26. október 1976. Dómkvaðningin sætti hins vegar kærur frá Veiðifélagi Borgarfjarðar hinn 4. nóvember 1976, og felldi Hæstiréttur hana úr gildi með dómi sínum hinn 15. febrúar 1977.

Að þeim úrslitum fengnum báðu stefnendur um dómkvaðningu með bréfi 20. febrúar 1978, og var beiðnin svipaðs efnis og hin fyrri, nema fram var tekið að bótakröfum væri beint að ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu, en til vara gegn Veiðifélagi Borgarfjarðar. Dómkvaðning fór fram 2. desember 1978 og náði hún til árána 1970-1977.

Matsmenn, sem voru tveir, skiluðu matsgerð sem dagsett er 31. maí 1980. Í henni segir m.a. svo:

„Af þeim gögnum sem fyrir liggja má sjá að töpuð veiði hjá Holti og Brennistöðum er nokkuð mikil. Við mat á tapaðri veiði telja matsmenn rétt að miða við meðaltal síðustu 10 ára fyrir breytingu lax- og silungsveiðilaganna árið 1957, þ.e. árin 1948-1957. Eins og áður greinir hafa jarðirnar sameiginlega veiði í Hvítá, og er hlutur þeirra í heildarveiði vatnahverfisins árin 1948-1957 1,86%. Töpuð veiði árána 1970-1977 er 608 laxar, og þungi þeirra 1.649 kg. Tafla sem fylgir sýnir þetta. Meðalþungi veiddra laxa á

Þessum jörðum hefur lækkað mjög mikið á þessu tímabili, eða um rúmlega eitt kílógramm. Ástæðan er sú að þær tvær lagnir, sem þessar jarðir misstu vegna ákvæða laxveiðilaganna frá 1957, gáfu miklum mun vænni fisk en þær sem frá landi lágu og eru nýttar enn. Svo háttar til, þar sem þessar lagnir eru, að þær liggja skammt neðan ósa Gufuár, og veiðist því í þær fiskur sem í þá á gengur, en hann er smærri en Hvítarlaxinn sem fékkst lengra frá landi. Verðmætatap Holts og Brennistaða verði því meira en tala veiddra laxa gefur til kynna. Rétt þykir því að bæta við tapaðan laxapunga einu kílógrammi, eða samtals 608 kg, og ákveða tap þessara jarða 2257 kg. Þó er ekki fyllilega víst að þyngdarmunurinn sé þar með bættur að fullu, því að verð hvers kílógramms í laxi er hærra eftir því sem hann er stærri.

Töpuð veiði þessara jarða er 29,48% þegar miðað er við laxafjöldann einan. En þegar tekið er tillit til þess, að síðan árið 1970 er hver lax 1,04 kg léttari en var fyrir árið 1957, verður tjónið 40,79%.

Veiði í Holti og Brennistöðum hefur verið vel arðbær meðan fjórar lagnir voru nýttar. En síðan tvær þeirra voru lagðar niður vegna ákvæða laganna frá 1957, verður eigi séð að veiðarnar á árunum 1970-1977 standi að fullu undir tilkostnaði, nema ef vera skyldi þrjú ár af átta ára tímabili. Veiðitap þessara jarða er því mjög tilfinnanlegt, þar sem þær gefa lítið sem ekkert umfram tilkostnað.

Til grundvallar útreikningi á tjóni matsbeiðenda telja matsmenn rétt að miða við verð á laxi um sl. áramót, þ.e. eins og það var sl. ár hjá Kaupfélagi Borgfirðinga. Samkvæmt riti Kaupfélags Borgfirðinga, útgefnu í desember 1979, var meðalverð á laxi, seldum bæði innanlands og utan, kr. 2.562, og er það 15,96 sinnum hærra verð en árið 1970, og er það lægra hlutfall en verðhækkun á öðrum landbúnaðarvörum, t.d. kindakjöti og mjólk, sem hefur hækkað 16,5 falt á sama tíma, samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarins. Samkvæmt því sem að framan greinir reiknast tjón matsbeiðenda fyrir árin 1970-1977, að báðum meðtöldum, kr. 5.782.434 (2.257 kg á kr. 2.562).

.....

Þar sem getið er um missta veiði að mestu eða öllu mun átt við þá veiði sem er umfram tilkostnað, og er það álit veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Munu þeir þar gerst um vita, þar sem veiðimálastjóri og þrír aðrir nefndarmenn voru í nefnd þeirri sem stóð að samningu laganna 1970.

Vegna fólksfæðar á sveitaheimilum eru bændur nú flestir orðnir einyrkjar og hafa þeir eigi tíma til að stunda netaveiðar sjálfir. Það er því orðið mjög algengt að veiðieigendur ráði menn til þess að veiða fyrir sig, og er það venja að helmingur þess sem veiðist komi í hlut veiðimanna en helmingur í hlut eiganda veiðiréttar. Fari veiði á jörð niðurfyrir 360 laxa

nægir ekki helmingur aflans til greiðslu kostnaðar, þar sem lágmark hans er verðmæti 180 fiskar ef lagnir eru eigi náttúru-gerðar. En svo er ekki í þessu tilviki.

Við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði frá 1970 féllu niður 2 lagnir í Hvítá, frá Holti og Brennistöðum, og varð það til þess að skírar tekjur af veiði, sem samkvæmt framansögðu eru lagðar til grundvallar tjónbótum, hafa rýrnað á tímabilinu 1970-1977 um 99.3%

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaðan sú, að tjónþolar eiga skaðabótarétt á hendur ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu samkvæmt ákvæðum 1. tl. 95. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, og ber þeim aðilum in solidum að bæta þeim hið metna tjón. Rétt þykir að ákvarða tjónþolum vexti af matsupphæðinni er verði jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, og reiknist vextir frá 1. janúar 1980 til greiðsludags.

Eignarhlutfall í Hvítárveiðinni er þannig að Holt á 7/8 hluta og Brennistaðir 1/8 hluta.

Þá þykir rétt að ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu greiði allan kostnað af matinu að jöfnu.“

Í niðurstöðu matsmanna í lok matsgerðarinnar stendur hins vegar:

„Kostnað allan af matinu greiði ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu in solidum.“

Ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu skutu matsgerðinni til yfirmats hinn 31. maí 1980. Yfirmatsmenn luku mati sínu 10. apríl 1981. Meirihluti yfirmatsmanna tók m.a. fram í yfirmatsgerðinni:

„Um aðdraganda og sögu þessa máls er vísað til matsúrskurðar í matsmálinu Jón Guðmundsson bóndi gegn Veidifélagi Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda, en til vara gegn ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu sem kveðinn var upp í dag, 10. apríl 1981 og fylgir hér með.

Samkvæmt töflu, sem lögð hefir verið fram af hálfu sóknaraðilja, er töpuð veiði þeirra árin 1970-1977 29,48% samkvæmt laxafjölda og 40,79% samkvæmt þunga.

Þeir hafa þannig ekki misst veiði sína að mestu eða öllu, þ.e. að mestöllu, fyrir aðgerðir laganna og eiga þeir því ekki kröfu á hendur ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu samkvæmt 1. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970.

Rétt þykir að meta bætur handa Benjamín Ólafssyni, Guðmundi Bjarnasyni og Sveini Bjarnasyni samkvæmt 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 úr hendi Veidifélags Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda þannig:

Fyrir árið 1970	gkr.	74.772
Fyrir árið 1971		162.242
Fyrir árið 1972		281.947
Fyrir árið 1973		151.427

Fyrir árið 1974	182.379
Fyrir árið 1975	184.394
Fyrir árið 1976	88.128
Fyrir árið 1977	477.391
Samtals	gkr. 1.602.680
p.e.	nýkr. 16.026.80

Ber Veidifélagi Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda að greiða nefndum sóknarðailjum nýkr. 16.026,80, ásamt hæstu innlánsvöxtum frá 1. febrúar 1981 og svo matskostnað sem ákveðst nýkr. 2.000,00.

Af nefndum fjárhæðum fellur í hlut Benjamíns Ólafssonar 7/8 hlutar og í hlut Guðmundar Bjarnasonar og Sveins Bjarnasonar 1/8 hlutur.

Ríkissjóður greiði þóknun og kostnað yfirmatsmanna.“

Í matsmáli Jóns Guðmundssonar á Bóndhóli tók meirihluti yfirmatsmanna m.a. fram:

„Samkvæmt því sem rakið hefur verið ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 810-811.]

... kröfur hjá réttum skuldunaut.“

Einn yfirmatsmanna skilaði séráliti, sem einnig er dagsett 10. apríl 1981. Í sérálitinu segir m.a.:

„Fallast ber á þann skilning undirmatsmanna og veiðimálanefndar og veiðimálastjóra að við skýringu á 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 skipti meginmáli hver áhrif lögákvæðin veiðitakmörkun hafi á hreinan arð af veiði. Samkvæmt þeirri niðurstöðu og því sem áður hefur verið rakið um skýringu sama lagaákvæðis ber einnig að fallast á það með undirmatsmönnum að í máli þessu sé um svo verulegan veiðimissi að ræða að veiðieiganda beri bætur úr sýslusjóði og ríkissjóði eftir ákvæði þessu. Er rétt að hafa hér í huga að jarðeigendur höfðu öðlast löglega ákvæðinn bótarétt á hendur umræddum aðilum í tilefni af veiðitakmörkunum samkvæmt 35. gr. laga nr. 53/1957.

Samkvæmt framansögðu ber að meta eiganda Holts og eigendum Brennistaða bætur fyrir tjón það, sem í málinu greinir, og greiðist bætur þessar að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði Mýrasýslu. Ekki hefur verið gerð krafa á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu. Ekki kemur hér til úrlausnar, hvort sýslusjóður Mýrasýslu eigi endurkröfu á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu né heldur stjórnskipulegt gildi ákvæða lax- og silungsveiðilega um greiðsluskyldu sýslusjóða vegna veiðitjóns.

Óhnekk er skýrslum þeim sem lagðar voru til grundvallar undirmati um veiði í Hvítá fyrir landi Holts og Brennistaða og verður að telja veiðirýrnunina í meginatriðum hæfilega ákveðna í undirmati, enda hafa ekki verið færð viðhlítandi rök að því, að veiði hafi að neinu leyti verið ólögleg fyrir

gildistöku laga nr. 38/1970. Meginsjónarmið við ákvörðun bóta, ekki sist bóta af því tagi sem hér um ræðir, hlýtur að vera það, að tjónþoli fái tjón sitt bætt að fullu. Ber því að færa bætur fyrir aflatjón hvers árs, sem matið tekur til, í krónutölu til samræmis við breytt verðgildi peninga. Samkvæmt þessu og öðrum atriðum, sem máli skipta við ákvörðun bóta, ber að staðfesta niðurstöðu undirmats um bótafjárhæð, enda hefur ekki komið fram af hálfu tjónþola nein krafa um breytingu á því mati.

Eftir atvikum þykir rétt, að ríkissjóður greiði kostnað bæði af undirmati og yfirmati.“

Veidifélag Borgarfjarðar neitaði að gangast við bótaskyldu svo og ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu. Höfðuðu stefnendur þá mál þetta með stefndu birtri 17. desember 1981.

V.

Lögmaður stefnenda hefur í greinargerð m.a. tekið fram:

„Í fyrsta lagi virðist mér ekki nauðsynlegt formsins vegna að gera kröfur í málinu um ógildingu eða staðfestingu þeirra matsgerða sem fyrir liggja á dskj. 4-7. Hér er einungis verið að leita úrlausnar dómstóls um þau álítaefni eða þann ágreining sem matsgerðirnar fjalla um, og hlýtur dómstóllinn að taka á því sem sjálfstæðu verkefni. Tel ég dómstólnum heimilt að fjalla um það sjálfstætt í öllum greinum en ekki einungis um lagaatriði, um starfsvið matsmanna og þvilika ágreiningsþætti. ...

Í öðru lagi ... liggur ljóst fyrir, að matsgerðirnar eru í rauninni allar samdóma um helzta matsatriðið, nl. um umfangið á veiðitjóni stefnenda og mat þess til verðs. Var þetta hvort tveggja rétt metið af undirmatsmönnum, og er krafa stefnenda í máli þessu nánast ekki önnur en sú að fjárhæð þeirra verði staðfest þeim til handa með þeim breytingum, sem leiðir af verðlagsbreytingum frá matstíma til dómsuppsögu. Þarf þannig einungis að leiðrétta þann annmarka sem á varð við yfirmat vegna þeirrar lækkunar sem meirihlutinn vildi framkvæma og áður er vitnað til. Sú lækkun var sumpart byggð á misskilningi, og í annan stað verður að telja hana ranga og óheimila. Er þá bæði átt við að lækkunin hafi verið andstæð réttum lögum, og svo hitt að matsmenn hafi í raun réttri ekki haft vald eða umboð til að framkvæma hana, jafnvel þótt fótur væri fyrir henni.

...

Í þriðja lagi verður að undirstrika að stefnendur hafa lagt út í mál þetta og hin undanfarandi matsmál af þeirri einföldu meginástæðu að veiði- aðstaða þeirra hefur rýrnað fyrir tilverknad laxveiðilaga. Þeir hafa m.ö.o. nákvæmlega orðið fyrir því sem þingmenn höfðu í huga við breytingu bakkaákvæðisins í 35. gr. árið 1957: „Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis.“ Enda þótt svo vilji til að bótaákvæðið með þessum inngangs-

orðum hafi verið felld brott úr texta laganna árið 1970 og út af því breytt í framkvæmdaratriðum við meðferð gerðardómsmálsins 1959 stendur þessi tilvitnaði kjarni þess eða undirstaða enn óhaggaður sem hluti af lögnum í reynd, ef ekki að formi. Með honum var skýlaust viðurkennt að veiðirýrnun vegna hins mismununarakennda ákvæðis væri rétt og skylt að bæta enda sker það sig úr öðrum takmörkunarákvæðum laganna eins og fyrr var að vikið. Er allskostar óhugsandi að unnt sé með síðari lagabreytingum eða öðrum aðgerðum að þrengja þessa undirstöðu eða breyta henni veiðiréttareigendum í óhag eftir að réttarskerðingin er á orðin, hvort sem það er gert með því að tengja hana ákvæðum um veiðimissi „að mestu eða öllu“ eða á annan hátt.

Þannig er útilokað að unnt sé að svipta stefnendur bótarétti vegna veiðirýrnunarinnar, heldur verður að telja hann viðurkenndan og áunninn í samræmi við fyrirheit laganna. Getur í mesta lagi orðið að álítaefni hver aðild eigi að bótaskyldunni, enda hefur það fyrst og fremst verið deiluatríðið á undanförnum árum eftir að lög nr. 76/1970 komu til skjalanna.“

Helstu málsástæður og lagasjónarmið af hálfu stefnanda eru:

1. Stefnendur telja ljóst, að bótaréttur þeirra vegna ákvæða 3. mgr. 35. gr. laxveiðilaga nr. 53/1957 og síðan laga nr. 76/1970 sé lögvarinn af 67. gr. stjórnarskrárinnar, þegar af þeirri ástæðu, að ekki sé um venjulega eignarréttartakmörkun að ræða, og væri einnig fyrir hendi án bótaákvæða í lögum. — Þá sé og ljóst að réttur stefnenda samkvæmt því sem sagt hefur verið og gert samkvæmt lögum til að staðfesta og viðurkenna bótarétt þeirra njóti stuðnings þessa ákvæðis. Meðal þess megi að sjálfsögðu telja gerðardóminn frá 29. sept. 1959.

2. Af framansögðu leiði að stefnendur kynnu að eiga beinan kröfurétt á hendur ríkissjóði vegna tjóns síns, ef öðrum aðilum yrði ekki til að dreifa. En jafnframt styðji stjórnarskrarákvæðið mjög eindregið kröfugerð stefnenda á hendur þeim sem á er bent í þessu máli, og geri raunar útilokað að stefnendur yrðu án bótaréttar.

3. Eðlilegt sé að líta svo á að bótaréttur stefnenda hafi komist í varanlegt horf með gerðardómnum frá 29. september 1959 og samningum aðila í sambandi við hann, þannig að þeirri réttarstöðu, sem þannig komst á verði ekki síðar raskað með eftirfarandi löggjöf eða lagaframkvæmd.

4. Það er krafa stefnenda að þetta sjónarmið verði viðurkennt, og myndi það leiða til bótaskyldu af hálfu ríkissjóðs að $\frac{3}{4}$ og sýslusjóðs Mýrasýslu að $\frac{1}{4}$ og jafnframt in solidum að áliti stefnenda.

5. Í matsgerðum sé nánar rakið hvernig ákvæði laga nr. 76/1970 standast á við ákvæði laga nr. 53/1957. Frá sjónarmiði stefnenda eigi þetta ekki að skipta meginmáli þar sem réttur þeirra grundvallist í raun á eldri lögnum. Stefnendur mótmæla því þó sérstaklega að bótaréttur þeirra gagnvart ríkis-

sjóði og sýslusjóði hafi þrengst eins og gefið er til kynna hjá meirihluta yfirmatsmanna. Væri það vissulega ekki í samræmi við hinn yfirlýsta vilja Alþingis frá 1957, og liggi ekkert fyrir um, að hann hafi breyst stefnendum í óhag.

6. Stefnendur mótmæla því m.a. að réttur þeirra til bóta sé háður orðunum „að mestu eða öllu“ í 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970, heldur sé hann fyrirvaralaus eins og áður var gert ráð fyrir í 3. mgr. 35. gr. Sé eðlilegt að líta svo á að við niðurfellingu síðarnefnda ákvæðisins hafi áunninn réttur stefnenda samkvæmt því færst undir hið fyrrnefnda án þess fyrirvara sem í orðunum felst. Af því mundi leiða bótaskyldu hjá ríkissjóði að hálfu og sýslusjóði að hálfu in solidum að álitu stefnenda.

7. Jafnframt er því harðlega mótmælt, að merking orðanna „að mestu eða öllu“ geti verið jafnþröng og fram kemur hjá meirihluta yfirmatsmanna. Í fyrsta lagi verði að telja að orðin „með öllu“ í upphaflegu formi hafi ekki haft bókstaflega merkingu í lögunum, heldur hafi þau táknað „að mestöllu“ eða „að öllu verulegu“, eins og gjarna sé til orða tekið, m.a. af þeirri ástæðu, að nær útilokað sé í framkvæmd að nokkur missi bókstaflega alla veiði sína. Þegar orðunum „að mestu“ hafi verið bætt inn árið 1970 hafi ekki falist í því endurtekning þess sem var, heldur yfirlýst rýmkun ákvæðisins. Komi því ekki til álita að orðin tákni „að mestöllu“, heldur sé merkingin mun rýmri.

8. Jafnframt telja stefnendur ljóst að líta beri til kostnaðar og veiðitekna við túlkun ákvæðisins, en ekki til veiðimagns eingöngu. Það sé atvinnuleg hagnýting veiðiréttindanna sem máli skipti og höfð sé í huga, en ekki veiði til heimilisnota, nema þá öðrum þræði.

9. Að því er varðar aðstöðu Veiðifélags Borgarfjarðar sé á það að líta að í 3. mgr. 95. gr. sjálfri sé ekki gefið til kynna að bótaskylda veiðiréttar-eigenda vegna veiðitakmarkana sé háð því að þeir hafi sjálfir átt aðild að þessum takmörkunum, heldur virðist allteins vera átt við lögákveðnar takmarkanir samkvæmt laxveiðilögunum sjálfum. Það sé einungis í frumvarpsgreinargerð sem hið fyrrnefnda sé gefið í skyn, eins og rakið er í matsgerðum og víðar, og verði að ætla dómstólnum að leysa úr því hvort slíkt sé nægilegt eins og á stendur.

10. Bótaskylda af hálfu Veiðifélagsins kæmi því vissulega til álita þar sem stefnendur hafi öðrum fremur orðið fyrir mismunun í veiðiaðstöðu eins og 3. mgr. geri ráð fyrir. Á hinn bóginn verði að telja, að 1. mgr. sé aðal-ákvæði 95. gr., en ekki 3. mgr. A.m.k. sé hún það í þeim skilningi að hún hafi forgang og tæmi málsefnið, þannig að bótaskylda Veiðifélagsins komi ekki til greina ef mál stefnenda geti fallið undir 1. mgr.

11. Auk þessa sé rétt að benda á að unnt virðist að hugsa sér að túlka 3. mgr. 95. gr. á tvo vegu í senn þegar saman eru tekin orðalag greinarinnar

og túlkun frumvarpsgreinargerðarinnar, þannig að veiðiréttareigendur séu aðeins bótaskyldir vegna eigin aðgerða, en vegna takmarkana samkvæmt lögnum sjálfum sé einnig bótaskylda í samræmi við hinn skýra og fortakslausa 1. málslíð greinarinnar, en þá eftir atvikum hjá öðrum aðilum, þ.e. fyrst og fremst ríkissjóði. Væri þessi framkvæmd greinarinnar síður en svo fjarlægari en framkvæmd laganna frá 1957 og mjög í samræmi við eðli málsins. Allavega geti það ekki hafa verið vilji Alþingis að gera mun á bótarétti manna vegna hliðstæðra veiðitakmarkana eftir því hver að þeim stæði að formi til.

12. Því er mótmælt að Veiðifélagið eða aðrir geti sett það skilyrði fyrir bótaskyldu gagnvart stefnendum að bætur verði greiddar öðruvísi en með árgjöldum. Sá bóta- og greiðsluháttur sé í góðu samræmi við tilgang og efni laxveiðilaga og eigi sér hliðstæðu í öðrum ákvæðum þeirra, t.d. 85. gr.

13. Því er og haldið fram að matsmeðferð sú, sem mál stefnenda hefur fengið, sé allskostar nægileg til að bera uppi endanlega dómsúrlausn um bótgreiðslu handa stefnendum hvaða leið sem farin yrði í málinu, þ.e. hvort sem byggt yrði á stjórnarskrá, gerðardómssamningi, lagaákvæðum eða öðru, og hvort sem greiðslan yrði felld á ríkissjóð eða aðra stefndu.

14. Kröfur stefnenda á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu eru byggðar á sama grundvelli og kröfur þeirra gagnvart Mýrasýslu, sem sé þeim, að sýslusjóðurinn sé eða geti verið „sýslusjóður viðkomandi héraðs“ í merkingu 3. málsg. 35. gr. laga nr. 53/1957 og sýslan sjálf verið „sýsla sú, sem í hlut eigi“ í merkingu 1. tölul. 95. gr. laga nr. 76/1970, þ.e. ásamt Mýrasýslu. Geti hún þannig orðið bótaskyld með Mýrasýslu gagnvart stefnendum samkvæmt hinum tilvitnuðu ákvæðum laxveiðilöggjafarinnar og/eða þeim meginreglum bóta- og eignarréttar sem þessi ákvæði eru tengd. Í framkvæmd geti sú bótaskylda hvort heldur orðið bein með því að kröfu sé beint að Borgarfjarðarsýslu jafnhliða Mýrasýslu eða með óbeinum hætti, þannig að kröfu sé beint að Mýrasýslu er síðan eigi endurkröfurétt á hendur Borgarfjarðarsýslu.

15. Kröfur stefnenda geti einnig átt við þótt bótaskylda sé byggð á úrskurði yfirmatsmanna sem gerðardómsmanna árið 1959, eins og fram komi í 2. aðildarkröfu í framhaldsstefnu. Meðal annars sé þess þar að gæta að úrskurðurinn og gerðardómssamningur aðila hafi falið í sér tilraun til að framfylgja laxveiðilögnum frá 1957 eða vilja löggjafans, en ekki til að rifta þeim eða raska.

16. En að auki virðist fullheimilt að líta svo á að Borgarfjarðarsýsla eigi að vera bundin við gerðardómsmeðferðina vegna samningslegra tengsla, þar sem þátttaka Mýrasýslu í að koma meðferðinni á hljóti að hafa bindandi áhrif á stöðu Borgarfjarðarsýslu ef hún teljist bótaskyld, þar sem um samaðild eða samhliða aðild sé að ræða. Og segja megi um gerðardóminn

að honum hafi ekki verið ætlað fyrst og fremst að skera úr um bótaaðild, heldur umfang bótaskyldunnar og fjárhæð tjóns.

17. Í skjölum málsins komi ekki fram, hvers vegna Borgarfjarðarsýsla var ekki aðili að bótaákvörðun við gerðardómsmeðferðina 1959 og síðar. Telja stefnendur að yfirmatsmenn samkvæmt laxsveiðilögum, er gerðardóminn sátu, hafi gert ráð fyrir þeirri tilhögun. Hafi afstaða þeirra annaðhvort ráðist af þeirri skoðun, að Borgarfjarðarsýsla væri ekki bótaskyld, eða hinu, að þátttaka hennar í málinu væri ekki nauðsynleg eins og á stæði, þar sem hún ætti þá sameiginlega aðild með Mýrasýslu, er væri málsaðili. Kunni þá einnig að hafa verið litið til þess, að bótaskylda Borgarfjarðarsýslu væri máské auðveldust meðferðar milli hennar og Mýrasýslu, á grundvelli endurkröfu. — Allavega sé ljóst að umrædd tilhögun eigi rót að rekja til þess, að Mýrasýsla er heimasýsla stefnenda og veiði þeirra innan marka hennar landfræðilega séð.

18. Stefnendur telja ennfremur víst, að umboðsmenn aðila hafi veitt þessari tilhögun samþykki sitt, þótt forsendur þeirra liggi ekki fyrir, en lögmaður þeirra við gerðardómsmálið 1959 sé nú látinn. Á hinn bóginn telja þeir mestu skipta hver afstaða fulltrúa Mýrasýslu hafi verið í þessu efni. Geti þeir ekki átt að þurfa að bera neinn halla af því nú ef fyrirvarsmenn Mýrasýslu hafi þá kosið að vera án Borgarfjarðarsýslu í málinu.

19. Að öðru leyti itreka stefnendur, að þeir geti vel sætt sig við umrædda tilhögun á málsaðild, og vilji aðeins hafa það sem réttast þykir í þessu efni. Megi og gera ráð fyrir að sakaraðild Borgarfjarðarsýslu skipti litlu fyrir þá sjálfa, nema svo færi að sýslurnar yrðu báðar taldar bótaskyldar pro rata. Frá sjónarmiði þeirra er Borgarfjarðarsýsla þannig fyrst og fremst stefnt inn í málið í öryggisskyni, svo unnt sé að fjalla um hugsanlega bótaskyldu hennar jafnhliða bótaskyldu annarra aðila.

20. Af hálfu stefnenda er því andmælt, að kröfur þeirra séu fallnar niður fyrir fyrningu, eða tómlæti.

VI.

Af hálfu sýslusjóðs Mýrasýslu er sýknukrafan nú í fyrsta lagi studd þeim rökum að stefnendur hafi ekkert tjón beðið. Sjáist þetta best á hinum framlögðu veiðiskýrslum.

Í öðru lagi er því haldið fram að 2. tl. 95. gr. laga nr 76/1970 hafi ekki stjórnskipulegt gildi. Það verði að teljast óeðlilegt að löggjafarvaldið geti lagt á sýslusjóði, hvort sem það er í Mýrasýslu eða annars staðar, að taka þátt í kostnaði við bætur til handa aðilum sem verða fyrir skerðingu á eignarrétti vegna ákvæða löggjafarvaldsins, einkum með tilliti til þess að nefnd skerðing væri ekki til hagsbóta fyrir sýslufélagið í heild, heldur aðeins fáa ákveðna aðila innan sýslufélagsins. Jafnvel þótt talið yrði að löggjafar-

valdið hafi heimild til þess að leggja slíkar kvaðir á ríkissjóð, sé ekki þar með sagt að það hafi stjórnfarslega heimild til þess að mismuna svo íbúum einnar sýslu. Þannig gæti maður hugsað sér að ríkissjóður væri ábyrgur, en ákvæði laganna um þátttöku sýslunnar fái ekki staðist. Það sé því á engan hátt óeðlilegt þótt sýslurnar yrðu algjörlega sýknaðar á þessum grundvelli en bótaábyrgð lögð á ríkissjóð einan ef svo væri litið á að beita skuli 2. mgr. 95. gr., sem þó fái ekki staðist. Það sé öllum ljóst hversu fjarstæðukennt það sé og langt frá því að allir séu jafnir fyrir lögnum, ef t.d. Borgnesingar eða Mýramenn, sem engan veiðirétt eða hlunnindi hafa af veiðum í Hvítá en eru mikill meiri hluti sýslubúa, eigi með útsvörum sínum að greiða bætur til þeirra manna sem fyrir skerðingu verða á veiðum í Hvítá og eingöngu er til gagnaðar fyrir þá sem veiðirétt eiga ofar á vatna-svæði Hvítár og í bergvatnsám þeim sem í hana renna.

Í stefnu á dskj. nr. 1, bls. 2 sé því haldið fram að bótakröfur stefnanda eftir að skerðing kom til hafi „sætt úrlausn yfirmatsmanna skv. lögum um lax- og silugsveiði er störfuðu að henni sem gerðardómendur eftir samkomulagi þar um“. Þetta sé ekki alls kostar rétt hjá stefnendum. Með gerðardómi dags. 29. september 1959 hafi verið ákveðnar bætur úr hendi ríkissjóðs og sýslusjóðs Mýrasýslu til nokkurra jarðeigenda við Hvítá í Borgarfirði fyrir rýrnun á veiðiaðstöðu vegna 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957.

Með bréfi dagsettu 12. september 1967 hafi eigendur jarðanna farið fram á bætur vegna skertrar veiðiaðstöðu fyrir árin 1965 til 1971 að báðum meðtöldum. Samhljóða niðurstaða yfirmatsnefndarinnar hafi verið sú að Holti og Brennistöðum skyldu ákveðnar bætur fyrir árin 1965 til 1969 að báðum meðtöldum, kr. 230.000,00, ásamt vöxtum frá 1. janúar 1967 til greiðsludags. Hins vegar segi í forsendum yfirmatsnefndarinnar (dskj. 11) að um ákvörðun tjónbóta til sækjanda fyrir skerta veiðiaðstöðu árin 1970 til 1972 að báðum meðtöldum skuli fara skv. 94. gr. og 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970. En þar sem undirmat hafi ekki farið fram á tjónbótum þessum og aðilar hafi ekki orðið ásáttir um að leggja málið beint til yfirmatsmanna hafi yfirmatsmenn brostið bæni til þess að meta tjónbætur að svo vöxnu máli.

Þegar þetta síðastnefnda mat fór fram hafi hvorki verið samkomulag um að yfirmatsnefndin skyldi starfa sem gerðardómur, né heldur að yfirmatsnefndin kvæði upp úrskurð án undangengins úrskurðar undirmatsnefndar, svo sem heimilt sé samkvæmt lögnum frá 1970, svo sem niðurlag á dóm-skjali nr. 11 beri með sér. Í greinargerð til yfirmatsnefndarinnar hafi gerðardómi verið mótmælt af lögmanni sýslusjóðsins m.a. á þessa leið:

„Sýslusjóður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu viðurkennir ekki greiðslu-skyldu á bótum eftir að lög nr. 76/1970 tóku gildi. Er því ákveðið haldið fram að mat bóta fyrir það ár skuli byggjast á síðastnefndu lögnum.

Með tilliti til þess sem hér hefur verið rakið, að ný lög hafa verið sett með gerbreyttum bótaákvæðum, lítur umbjóðandi minn svo á að gerðardómssamningurinn frá 1958 sé niður fallinn og neitar að viðurkenna mat það, sem nú fer fram, sem bindandi gerðardóm. Á hinn bóginn er umbjóðandi minn reiðubúinn til að fallast fyrir sitt leyti á mat það, sem nú fer fram, sem endanlegt og bindandi hvað fjárhæðir snertir, og fellst jafnframt á að ganga hjá undirmati, þótt lög geri ráð fyrir að slíkt mat fari fyrst fram. Er þetta gert til þess að tefja ekki um of fyrir veiðieiganda að fá ákvarðaða bótafjárhæð. Að sjálfsögðu mun sýslunefndin gera tilraunir til þess að fá eigendur veiðiréttar í fiskhverfinu til að viðurkenna bótaskyldu skv. 3. mgr. 95. gr.“

Eftir að lögin frá 1970 voru sett sé ekki um að ræða gerðardóm, enda geti slíkur dómur aldrei tekið gildi nema með fullu samþykki allra aðila. Þannig sé það á misskilningi byggt að niðurstaðan á dskj. nr. 11 sé bindandi gerðardómur, og það megi fullyrða að allar þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi til bænda, sem telja sig hafa orðið fyrir skerðingu á laxveiði, hafi verið greiddar með þeim fyrirvara að greiðsluskylda sýslusjóðsins sé ekki viðurkennd með greiðslunni, enda líti sýslunefndin ennþá svo á að laxveiðilögin frá 1970 beri að túlka þannig að jafnvel þótt greiðsla yrði lögð á skv. 2. tl. 95. gr. þá sé það ríkissjóður sem eigi að bera þær byrðar, sbr. það sem rakið var í upphafi.

Varakrafa sýslusjóðsins um lækkun á kröfum stefnenda er sú að niðurstaða meirihluta yfirmatsnefndar verði staðfest, ef dómurinn telji sig hafa lögsögu í málinu. Meirihluti yfirmatsmanna hafi rakið ítarlega í forsendum fyrir niðurstöðu sinni hvers vegna leggja beri greiðsluskylduna á Veiðifélag Borgarfjarðar en ekki ríki og sýslu eða sýslur. Á þær forsendur er nú fallist til vara af hálfu sýslusjóðs Mýrasýslu.

Af hálfu sýslusjóðs Mýrasýslu er tekið undir allar varnarástæður sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu að því marki sem þær stangist ekki á við hagsmuni sýslusjóðs Mýrasýslu. Ef greiðsluskylda komi til úr hendi sýslusjóðanna þá sé þó eðlilegt að þær skaðabætur skiptist til helminga milli þeirra sbr. niðurlag 2. mgr. 95. gr. laxveiðilaganna „eða sýslna sem í hlut eiga“. Þetta orðalag geti aðeins átt við það að veiðivatnið sé á sýslumörkum.

Vaxtakröfu stefnenda er sérstaklega mótmælt.

Við munnlegan flutning málsins kom fram af hálfu umboðsmanns sýslusjóðs Mýrasýslu að vefenging á stjórnskipulegu gildi 2. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 eigi einnig við bótaákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957.

VII.

Því er haldið fram af hálfu stefnda sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu að gerðardómssamningurinn og gerðardómurinn sé óskuldbindandi fyrir

þennan sýslusjóð, þar sem þessi sýslusjóður hafi ekki verið aðili að samkomulaginu sem gert var á sínum tíma um gerðardóm. Þá brjóti niðurstaða gerðardómsins í bága við bótaákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957. Af þeim sökum beri að líta alveg fram hjá úrskurði gerðardómsins.

„Þá er því haldið fram að það sé fráleitt ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 819-821.]

... úti á firðinum.“

Varakrafa um lækkun á kröfum stefnenda er m.a. byggð á síðastgreindum sjónarmiðum.

Vaxtakröfu stefnenda er mótmælt sem of hárrí.

Af hálfu sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu er á það bent að hugsanlegt sé að sýslusjóðurinn hafi í upphafi verið aðili að gerðardómsmálinu, en hafi síðar horfið úr málinu svo að úrskurður gerðardómsins hafi aldrei tekið til sýslusjóðsins.

Þá er því haldið fram að stefnendur hafi fallið frá því að byggja á gerðardómsmálsmeðferðinni, þegar þeir rituðu matsbeiðnina á dómskjali nr. 17, en þar hafi þeir óskað þess að sýslumaður „dómkveði menn í undirmat skv. lögum um lax- og silungsveiði ...“

Þá hefir því einnig verið haldið fram að skerðing sú sem varð hafi ekki verið bótaskyld samkvæmt 35. gr. nýrri laga nr. 76/1970.

VIII.

Sýknukrafa ríkissjóðs er á því byggð í fyrsta lagi, að ekki sé fullsannað að um nokkurt tjón hafi verið að ræða, en sönnunarbyrðin sé hjá bótakreifjendum. Í öðru lagi að jafnvel þótt talið yrði að um eitthvert tjón hafi verið að ræða myndi það falla undir „ersatningsfrie Reguleringer“. Það sé skýlaust álit fræðimanna, enda margdæmt, að bótagreiðslur komi ekki til greina í slíkum tilfellum. Það væri háskalegt og fráleitt fordæmi, ef stefnendum yrði dæmdar bætur eins og hér hagar til. Í þriðja lagi athugist að jafnvel þótt svo ólíklega færi að bætur yrðu dæmdar myndi fjárhæðin aldrei nægja til þess að tilvikið gæti fallið undir 1. og 2. tölulið 95. gr. laga nr. 76/1970. Ríkissjóður yrði þannig í öllum tilfellum sýknaður. Hins vegar kynni greiðsluáðildin að vera hjá „eigendum veiðiréttar í fiskihverfinu“ sbr. 3. mgr. 95. gr. laganna.

Í 1. mgr. 95. gr. sé sett sérstakt skilyrði fyrir skaðabótum að hlutað-eiganda sé „fyrirmunað“ að nota „veiðiaðferð, sem hann mátti einni við koma“. Þessa „fyrirmunun“ sé hvergi um að ræða hjá stefnendum. Leiði þetta einnig til sýknu.

Þá hafi stefnendur sýnt af sér mikið aðgerðarleysi og tómlæti við heimtu kröfu sinnar. Beri því einnig að sýkna af þeirri ástæðu.

Verði sýknukrafan ekki tekin til greina er þess krafist af hálfu ríkissjóðs

að kröfur stefnenda verði lækkaðar verulega og fari í engu tilfelli fram úr yfirmatsfjárhæðinni kr. 16.026,00.

Þá er því haldið fram að orðið „veiði“ í 95. gr. laxveiðilaganna merki afli dreginn á land, en hins vegar ekki einhvers konar „bókhaldslegar“ rekstrarútkomur sem teygja megí og hagræða eins og fara geri.

Vaxtakröfu stefnenda er sérstaklega mótmælt sem of hárrí.

IX.

„Því er haldið fram ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 822-824.]

... mótmælt á þessum grundvelli.“

11. Matsgerðir matsmanna í máli þessu hafi ekki réttaráhrif umfram það að vera matsgerðir og séu þannig ekki sjálfstæðir úrskurðir sem einungis yrði hnekkð með málskoti til Hæstaréttar.

12. Þá er á það lögð áhersla að samkvæmt Grágás og síðari ákvæðum laga um laxveiðar hafi ætíð verið um að ræða tiltölulega víðtækar takmarkanir á veiðirétti manna sem hafi ekki haft í för með sér neina bóta-skyldu.

X.

Álit réttarins.

„Telja verður að matsnefndir ...

[Sjá dóm í hæstaréttarmálinu nr. 199/1985 bls. 824-827.]

... hafi hann einhver verið.“

Í 109. gr. laga nr. 53/1957 sagði að um fjárhæð bóta færi eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, „sbr. þó 35. gr.“. Þessu ákvæði var ekki breytt með lögum nr. 38/1970. Hins vegar hefur tilvísunin í 35. gr. verið felld niður í endurútgáfu laganna án þess að sú breyting hafi hlotið þinglega meðferð. Í 17. gr. nógildandi laga um eignarnám nr. 11/1973 segir að leita megí úrlausnar dómstóla um ágreining út af lögmæti eignarnámsbóta, þ. á m. ágreining um fjárhæð eignarnámsbóta. Í 1. gr. sömu laga segir að í engu skuli haggð ákvæðum laga nr. 76/1970.

Stefnendur virðast hafa leitað úrlausnar matsmanna í fullu samræmi við gerðardóminn og af upplýsingum sem fram hafa komið í málinu virðist mega treysta því að matsmenn hefðu reiknað bætur eftir sömu grundvallarsjónarmiðum, hvort sem þeir byggðu á reglum gerðardómsins eða ákvæðum gildandi laga um lax- og silingsveiði, en í úrlausn meirihluta yfirmatsnefndar er miðað við að bætur greiðist úr hendi Veiðifélags Borgarfjarðar, og mótast niðurstaðan að nokkru leyti af sérstökum atvikum varðandi skipti Veiðifélagsins og stefnenda. Stefnendur þykja hafa fært fram veigamikil rök fyrir því að meirihluti yfirmatsnefndar hafi ekki verið

á annarri skoðun en minnihlutinn og undirmatsmenn um bótarétt stefnenda að öðru leyti. Eins og málið liggur nú fyrir, sbr. dóm Hæstaréttar 19. apríl 1985 í máli Jóns Guðmundssonar, Bóndhóli, þykir það vera í bestu samræmi við gerðardóminn að ákveða stefnendum bætur í samræmi við álit minnihlutans og undirmatsnefndar að því er varðar fjárhæð en þó þannig að $\frac{3}{4}$ hlutar greiðist úr ríkissjóði og $\frac{1}{4}$ úr sýslusjóði Mýrasýslu.

Eins og málið liggur fyrir þykja stefnendur ekki hafa fært rök að því að þeir eigi rétt á því að matsfjárhæðin verði umreiknuð til hækkunar með hliðsjón af verðlagsbreytingum og er þá m.a. haft í huga að vextir sem stefnendur fá tildæmda fela að hluta í sér verðbótaþátt.

Ákveði lax- og silungsveiðilaga virðast ótvírætt fela í sér pro rata ábyrgð gagnvart stefnendum. Verður krafa stefnenda um solidariska ábyrgð því ekki tekin til greina.

Svo sem greinir í úrskurði yfirmatsmanna frá 25. maí 1973 höfðu stefnendur árlega unnið að því að fá tjón vegna veiðimissis eftir 1969 metið og bætt. Síðan hafa stefnendur fylgt fram kröfum sínum gagnvart ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu, bæði fyrir matsmönnum og síðar fyrir dómstólum. Verður því ekki fallist á það með stefndu, ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu, að tómlæti um kröfugerð eigi að leiða til missis bótaréttar á hendur þeim.

Í samræmi við niðurstöðu matsmannanna þykir bera að fallast á kröfu stefnenda um hæstu lögleyfðu innlánsvexti enda virðist þessi krafa hvorki fara í bága við gerðardóminn né lög. Vextir þessir ákveðast eins og nánar greinir í dómsorði. Niðurstaða dómsins er þá sú samkvæmt ofanrituðu að stefnendum beri greiðsla kr. 57.824,30 auk vaxta eins og greint er í dómsorði og málskostnaður eins og greinir hér að neðan úr ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu í þeim hlutföllum sem að ofan greinir. Í samræmi við ofangreindar niðurstöður þykir bera að sýkna stefndu Veiðifélag Borgarfjarðar og sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu af öllum kröfum stefnenda.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.000,00. Rétt þykir að málskostnaður milli stefnenda annars vegar og Veiðifélags Borgarfjarðar og sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu hins vegar falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Veiðifélag Borgarfjarðar og sýslusjóður Borgarfjarðarsýslu, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnenda, Benjamíns Ólafssonar, Guðmundar Bjarnasonar og Sveins Bjarnasonar, í máli þessu. Málskostnaður milli stefnenda og þessara aðila fellur niður.

Stefndu, fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs og sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f.h. sýslusjóðs Mýrasýslu, greiði stefnendum, Benjamín Ólafssyni, Guðmundi Bjarnasyni og Sveini Bjarnasyni kr. 57.824,30 með 43,5% ársvöxtum frá 1. janúar

1980 til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst 1984, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 20. ágúst 1984, með 24,5% ársvöxtum frá þeim degi til 27. ágúst 1984, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1984, með 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1984, með 26% ársvöxtum frá þeim degi til 12. október 1984, með 28% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1984, með 29% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1985, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags, en með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og kr. 50.000,00 í málskostnað. Þar af greiðist $\frac{3}{4}$ hlutar úr ríkissjóði og $\frac{1}{4}$ hluti úr sýslusjóði Mýrasýslu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
